









## „Steingervingar 1“

Staðsetning: Þessi verk eru hugsuð fyrir Vörputorg en gætu líka dreifst á aðra þemavelli og andrými.

Mikilvægt er fyrir nýtt hverfi að eiga sér sögu, þannig að íbúar finni að eitthvað merkilegt sé við hverfið þeirra þar sem nýtt og gamalt blandast saman. Við Vogahverfi er að finna eitt af sex friðlýstum svæðum í Reykjavík, Háubakka í Elliðavogi, sem voru friðlýstir sem náttúrvætti árið 1983. Náttúrvætti er einn flokkur friðlýstra náttúruminja og eru skilgreind sem einstök náttúrufyrirbæri, jarðmyndanir eða lífræn fyrirbæri, sem skera sig úr umhverfinu og er ástæða til að varðveita vegna fegurðar, fágætis, stöðu í landslagi, vísindalegs gildis eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Setlögin í Háubökkum tilheyra svokölluðum Elliðavogslögum sem mynduðust á löngu tímabili sem hófst fyrir meira en 300 þúsund árum og varði í a.m.k. 100 þúsund ár.

Í Háubökkum hafa meðal annars fundist steingervingar af skeljum og kuðungum. Þar á meðal eru kúfskel, halloka, gljáhnytla, raftaskel og krókskel. Ég hef búið til fjóra skúlp túra þar sem ég reyni að líkja eftir steingervingum sem fundist hafa í Háubökkum og varðveittir eru af Náttúrufræðistofnun Íslands. Þetta eru 300 þúsund ára gamlir steingervingar og finnst mér afar áhugavert að láta þá kallast á við umhverfið þar sem þeir fundust.

Listaverkin:

Skúlp túrarnir sem verða staðsettir á Vörputorgi eru fjórir talsins. Ég hef búið til skúlp túra þar sem ég reyni að líkja eftir steingervingum sem fundist hafa í Háubökkum og varðveittir eru á Náttúrufræðistofnun.

Verk nr. 1 er súla sem vísar í borkjarna frá Elliðavogssetlögum sem var boraður 1972. Hann er merktur Artica sp. sem er kúfskel og Gastropoda sp. sem er óskilgreindur kuðungur; þess er getið að þetta sé slitsteinn (leirsteinn) úr Elliðavogssetlögum. Þetta verk er áætlað 5 m á hæð og 1.5 m í ummál; það verður úr íslensku grágrýti og skeljarnar, sem verða steyptar inn í kjarnann, verða úr ljósum marmara.



Borkjarni frá 1972, þverskurður af kúfskel sést og til hægri lítill kuðungur.

Verk nr. 2 er partur af setlagi með mismunandi skeljabrotum í, hæð 4 m, breidd 1.5 m og lengd 6.5 m. Skeljabrotin eru af þeim skeljum sem fundist hafa á þessu svæði, halloku, raftakel, kúfskel og krókskel. Þetta verk er steypt með brotum af mismundandi skeljum úr mislitum ljósgulum, bleikum og drapphvítum marmara.



Brot úr setlagi með brotnum skeljabrotum.

Verk nr. 3 er halloka sem faðmar setlagastein og er staðsett í flæðarmálinu við Háubakka, fyrir neðan Vörputorg. Þetta verk er 3 x 2 x 1,8 m og setbergið er úr grágrýti með ílogðum tveimur skelhlutum, úr marmara.



Halloka

Verk nr. 4 er útfærsla af kúskel. Verkið er 4 x 4 x 2 m að stærð og gert úr marmara eða graníti, þar sem bæði ljósi liturinn og sá dökki, sem einkennir kúskel, sjást. Kúskelin er ótrúlega merkileg skel, þar sem hún er elsta lifandi skepna sem fundist hefur í heiminum; kúskel sem fannst við Grímsey í júní árið 2006 er talin hafa verið 507 ára þegar hún veiddist. Aldursákvörðun er möguleg vegna þess að skelin myndar árhringi, eins og trén. Einnig hefur komið í ljós að kúskeljarannsóknir geta gefið jafn-verðmætar upplýsingar um heimshöfin og rannsóknir á árhringjum trjáa og borkjarnar úr jöklum geta gefið um loftslagssöguna.

Kúskelin sem sem fannst var þess vegna á sínu bernskuskeiði um það leyti sem Tyrkjaránið varð á Íslandi (1627) og þegar William Shakespeare var að skrifa Hamlet og Makbeð á Englandi.



Kúfskel (Kúskel) (*Arctica Islandica*)